

Garðabær, 15. september 2022.

2022008-004

Vísað er til tölvupósts frá Grundarfjarðarbæ, dags. 5. ágúst, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsögn um verkefnalýsingu fyrir sömu framkvæmd og ítrekar þær athugasemdir og ábendingar sem þar koma fram, sjá bréf dags 1. apríl 2019, mál [2019030035/42-0](#). Þar má sérstaklega nefna nálægðina við verndarsvæði Breiðafjarðar og mikilvægt fuglasvæði.

Fram kemur á bls. 6 í Viðauka 5 með tillögunni: „Gróður og fuglar á Skerðingsstöðum og Lárvaðli í Eyrarsveit“ að Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sé ekki rétt. Þar segir: „Það er engin nýlunda að vistgerðakortið standist ekki raunveruleikann“. Náttúrufræðistofnun bendir á að vistgerðakort stofnunarinnar er í mælikvarðanum 1:25 000, óvissa í því er oft mikil og óglögg skil á milli líkra vistgerða. Því er æskilegt að fara á staðinn og kanna gróður þegar unnið er á litlu svæði í stórum mælikvarða líkt og gert var í umhverfismatinu.

Fyrirhugaður byggingarreitur er aðeins um 50 m frá ströndinni og því verður óhjákvæmilega rask á framkvæmdatíma á svæðinu á milli fjöru og hótels. Æskilegt er að hótelið verði fært fjær ströndinni og væri rétt að miða við 100 m.

Gert ráð fyrir að Lárvaðall verði viðtaki eftir hreinsun fráveituvatns ($57 \text{ m}^3/\text{dag}$) en aðeins liggja fyrir takmarkaðar rannsóknir á lífríkinu í Vaðlinum. Lárvaðall er innan Breiðafjarðarfriðlandsins og fjaran þar með friðuð. Ekki er sýnt hvar eða hvernig hreinsimannvirkjum verður komið fyrir á lóðinni. Afar brýnt er að mati Náttúrufræðistofnunar að tryggt sé að fráveita valdi ekki óásættanlegri mengun í Lárvaðli þannig að lífríki stafi ógn af.

Nefndir eru fjórir möguleikar til að afla neysluvatns. Allir fela þeir í sér nýtingu grunnvatns á svæðinu með skurðgreftri þvert á grunnvatnsstraum. Þessu fylgir talsvert rask og er mikilvægt að vandað verði til verka og vel gengið frá að framkvæmdum loknum.

Erfitt er að sjá að svæðið sé nógu stórt fyrir svona mikla framkvæmd. Fyrirhugað hótél er 100 herbergi og við bætast fimm smáhýsi. Auk hótélgesta þarf að gera ráð fyrir gestum á matsölustað auk starfsmanna hótelsins en aðeins er gert ráð fyrir 50 bílastæðum og fjórum rútustæðum og er spurning hvort það sé nóg.

Hótelið verður hæst sjö hæðir og verður það mjög áberandi í landslaginu hvort sem komið er að því úr austur- eða vesturátt og ber hótelið í Kirkjufellið þegar ekið er í austur.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum þessa máls.

Virðingarfyllst

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur á sviði Náttúruverndar.